Alþingi
b.t. velverðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 29.12.2014
nr. erindis 201411136/50.13 uvi

**Efni: Aðgerðaráætlun um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn, unglinga og fjölskyldur þeirra, 52. mál. 144 lþ.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis 14. nóvember 2014 þar sem aðgerðaráætlun um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn, unglinga og fjölskyldur þeirra, 52. mál. 144 lþ. var send til umsagnar Mosfellsbæjar.

Bæjarráð Mosfellsbæjar, 1193. fundur haldinn 17.desember 2014 fjallaði um málið og fól undirritaðri að senda nefndinni eftirfarandi umsögn:

*Ástæða er til að fagna framkominni tillögu.*

*Að gefnu tilefni er þó ástæðu til að vekja athygli á mikilvægi þess að ekki verði horft fram hjá birtingarmynd geðræns og tilfinningalegs vanda margra barna sem unnið er með á grundvelli barnaverndarlaga og fram koma í hegðunarvanda. Í því sambandi má nefna ofbeldishegðun, afbrot og vímuefnavanda þessara einstaklinga.*

Beðist er velvirðingar á því að umsögnin barst ekki innan tilskilins umsagnarfrests.

Virðingarfyllst,
f.h. bæjarráðs Mosfellsbæjar

Unnur V. Ingólfsdóttir
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs